



## Skaftárhreppur 8509

Klausturvegur 15 - 880 Kirkjubæjarklaustur

Sími 487 4840 – Myndsendir 487 4842 – Netfang [klaustur@klaustur.is](mailto:klaustur@klaustur.is) – Kennitala 480690-2069

### Fundargerð

Fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps, haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins, fimmtudagur 21. september 2006 kl. 10<sup>00</sup>.

269. fundur, 14. fundur ársins.

Tveir sveitarstjórnarmenn hafa lýst sig vanhæfan vegna þess eina málefnis sem er á dagskrá og því eru þeir ekki mættir til fundar. Fyrsti varamaður boðaði forföll, annar varamaður Gísli Kjartansson og þriðji varamaður Ágúst Dalkvist eru mættir í þeirra stað. Valgeir Kristinsson hrl. lögfræðingur sveitarfélagsins var í símasambandi.

Fundargerð tölvuskrað af sveitarstjóra.

Oddviti setur fund og býður fundarmenn velkomna.

#### I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Byggingarframkvæmdir á jörðinni Hraungerði í Álftaveri.

Eftirfarandi gögn í málinu hafa verið kynnt sveitarstjórnarmönnum og liggja fyrir fundinum;

Fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar Skaftárhrepps nr. 29 dagsett 25. apríl 2005.

Fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar Skaftárhrepps nr. 36 dagsett 22. maí 2006.

Bréf frá Landslögum, dagsett 19. maí 2006.

Bréf frá Landslögum, dagsett 12. júní 2006.

Bréf byggingarfulltrúa Skaftárhrepps, dagsett 16. júní 2005.

Bréf byggingarfulltrúa Skaftárhrepps, ýmis mál, dagsett 16. júní 2005.

Bréf sveitarstjóra Skaftárhrepps, dagsett 21. júní 2006.

Bréf frá Jóni Höskuldssyni, dagsett 27. júní 2006.

Bréf frá Skipulagsstofnun, dagsett 4. júlí 2006.

Bréf frá Landslögum, dagsett 4. júlí 2006.

Bréf byggingarfulltrúa Skaftárhrepps, dagsett 24. júlí 2006.

Bréf frá Landslögum, dagsett 14. ágúst 2006.

Bréf byggingarfulltrúa Skaftárhrepps, dagsett 31. ágúst 2006.

Bréf frá Jóni Höskuldssyni, dagsett 1. september 2006.

Bréf frá Landslögum, dagsett 6. september 2006.

Umsögn Valgeirs Kristinssonar, dagsett 8. september 2006.

Tölvupóstur frá Valgeiri Kristinssyni, dagsettur 15. september 2006.

Bréf frá Þórnari Eggertssyni, dagsett 20. september 2006.

Auk þess hefur borist eftir að fundargögn voru send út, afrit af bréfi frá Lex lögmannsstofu, dagsett 19. september 2006.

Bréf frá Valgeiri Kristinssyni, dagsett 12. júlí 2006.



## Skaftárhreppur 8509

Klausturvegur 15 - 880 Kirkjubæjarklaustur

Sími 487 4840 – Myndsendir 487 4842 – Netfang [klaustur@klaustur.is](mailto:klaustur@klaustur.is) – Kennitala 480690-2069

Bréf frá Valgeiri Kristinssyni, dagsett 17. ágúst 2006.

Leitað er eftir lagaáliti vegna umrædds máls, og það rætt út frá öllum hliðum.

Sveitarstjórn samþykkti eftirfarandi.

Að afturkalla byggingarleyfi fyrir byggingu vélageymslu samanber bókun sveitarstjórnar Skaftárhrepps þann 16. júní 2005.

Að lagt verði fyrir Þórarinn Eggertsson að fjarlægja nú þegar vélageymslu sem reist hefur verið að Hraungerði í sumar, eigi síðar en 20. október 2006.

Að öðrum kosti verði það gert á kostnað og ábyrgð Þórarins samanber heimild í 56. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Jafnframt verði kært til sýslumannsins í Vestur-Skaftafellssýslu meint brot Þórarins Eggertssonar bónda á Hraungerði og byggingastjórans Karls Ragnarssonar, húsasmíðameistara og stálvirkjameistarans Auðuns G Guðmundssonar við byggingu á vélageymslu á Hraungerði í sumar vegna meintra brota á byggingarreglugerð nr. 441/1998, einkum 39. gr. og 48. gr. svo og fyrir framkvæmdir við vélageymsluna eftir að byggingarleyfið var til bráðabyrgða fellt úr gildi. Einnig meint brot á 1. mgr. 44. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997.

Sveitarstjórn felur Valgeiri Kristinssyni hrl. að vinna að framkvæmd málsins og gæta hagsmuna Skaftárhrepps.



## Skaftárhreppur 8509

Klausturvegur 15 - 880 Kirkjubæjarklaustur

Sími 487 4840 – Myndsendir 487 4842 – Netfang [klaustur@klaustur.is](mailto:klaustur@klaustur.is) – Kennitala 480690-2069

### V. Samþykkt fundargerðar / fundarslit.

Fundargerð lesin, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl. 13:20.

\_\_\_\_\_  
Jóna S. Sigurbjartsdóttir, oddviti

\_\_\_\_\_  
Gísli Kjartansson

\_\_\_\_\_  
Elín Heiða Valsdóttir

\_\_\_\_\_  
Sverrir Gíslason

\_\_\_\_\_  
Ágúst Dalkvist

\_\_\_\_\_  
Valgeir Jens Guðmundsson, sveitarstjóri